

um frumvarp til merkjalaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Þá er landamerkjalog 17. mars 1882 voru sett, mun ákvæðum þeirra hafa verið framfylgt alment, að því leyti, að merkjalýsingar voru skrásettar og þinglesnar á árunum 1882—1887, að tiltölulega fáum undanskildum.

Á stöku stöðum hafa merkjalýsingar verið gerðar síðan og á örfáum stöðum er þetta, ef til vill, ógert enn.

Aftur á móti er það nokkuð alment, að þýðingarmestu ákvæða nefndra laga, um merkjasetningu og viðhald merkja, hefir alls ekki verið gætt; marksteinar ekki settir og merkjavörður aldrei gerðar. Sumstaðar eru merki horfin, þótt sett hafi verið, svo að þeirra sjást nú engar menjar. Sumstaðar hafa merki breyst af völdum náttúrunnar, og ekki er það dæmalaust, að menn hafi átt þátt í að breyta merkjum án samþykkis gagnaðilja.

Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöl, sem lítið eða ekkert sanna, þá er á þarf að halda.

Nefndin öll telur rjett vera, það er segir í greinargerð frumvarpsins, »að víða á landi hjer eru landamerki milli jarða óglögg og með ágreiningi, meiri og minni þrætulönd, sem legið hafa áratugum saman óafgerð. Þetta hefir víða vakið deilur og ósamlyndi milli manna, þótt aðiljar hafi ekki viljað leggja út í kostnaðarsaman og vafasaman málarekstur«.

Nefndin er á einu máli um það, að nauðsyn beri til að ráða bót á þessu ástandi, og endurbætur á löggjöfnni geti nokkru áorkað í því efni.

Ákvæði gildandi laga um merkjasetningu og viðhald merkja eru svo sjálfsögð og óbrotin, að litlu þarf við að bæta.

Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögunum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleittrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.

Þetta teljum vjer ófullnægjandi og aðalorsök þess, að svo er nú ástatt um landamerki, sem áður er sagt.

Auk þess eru slík lög sem þessi að sumu leyti tímabundin. Eftir því sem tímar líða, breytast merki og takmörk eigna ágreiningslaust, og einnig frá þeirri hlið er þörf að endurnýja merkjalýsingar.

Af öllum þessum ástæðum telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að endurnýja lögin og sníða þau eftir þörfum nútímans.

Helstu breytingar á lögunum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum vorum við það vill gera, eru:

1. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.
2. Að eftirlit með setningu og viðhaldi merkja sje falið hreppstjóra.
3. Að sektaákvæðinu sje breytt.
4. Að sjerhver ágreiningur um landamerki skuli, á sinum tíma, útkljáður með dómi, án þess að aðiljar hefji mál.

Vjer teljum ekki unt að ráða verulega bót á vandkvæðum þeim, sem áður er getið, nema þessar breytingar sjeu gerðar á lögnum.

Ítarlegri rökstuðningur þessa máls verður væntanlega ger í framsögu meiri hluta nefndarinnar.

Vjer væntum þess, að háttvirt deild viðurkenni nauðsyn þessa máls, og ráðum henni til að samþykkja frumvarpið með breytingartillögnum á þingskjali 534.

Alþingi, 18. ágúst 1917.

Pjetur Þórðarson,      Sigurður Sigurðsson.  
skrifari og frasm.

Jón Jónsson.